

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsbreytingar í Garðabæ.

*Breyting deiliskipulags Flata.*

Breytingin nær til lóðarinnar Smáraflöt 28 og felur í sér heimild til að reisa hús sem er ein hæð og kjallari. Hámarkshæð húss er 4,2 m og hámarksnýtingarhlutfall fyrir hús með kjallara á suðurhlið er 0,35.

*Breyting á deiliskipulagi Arnarness.*

Breytingin nær til lóðarinnar Þernunes 1 og felur í sér að á norðurhluta byggingarreits er heimilt að hús verði fullar tvær hæðir.

*Breyting á deiliskipulaginu Hraunsholt – Ásar.*

Breytingin nær til lóðarinnar Borgarás 2-8 og felur í sér að hámarkshæð bogadreginna kvista hækkar um 10-20 cm yfir hámarkshæð húsa í skilmálum.

Farið var með deiliskipulagsbreytingar þessar í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagsbreytingar þessar öðlast þegar gildi.

*Garðabæ, 13. mars 2008.*

**Arinbjörn Vilhjálmsson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 1. apríl 2008